

Í ÞESSU TÖLUBLAÐI

BINGÓ 1

GÓUGLEÐI 1
LJÓÐAVIKAÞULA UM
GÖMLU 2
MÁNUÐINA

VIKUDAGARNIR 2

ÞORRABLÓTID 3

VIÐUR-
KENNINGAR UM
SJÁLFBODIN 3
STÓRFBANKA-
ÞJÓNUSTA 4
DREGIN SAMANVIÐ LEGGJUM
ÁHERSLU Á:

- Sjálfræði einstaklingsins
- Virðingu fyrir einkalífi
- Athafnaþrá sé mætt
- Öryggi og vellíðan í fyrirrúmi
- Starfsemin í stöðugri endurskoðun
- Virkt gæðaeftirlit með þjónustu

BINGÓ

Bingó verður í samkomusalnum fimmtudaginn 19.febrúar kl. 14:00. Íbúar Sóltúns eru hvattir til að koma og spila með. Skemmtilegir vinningar í boði.

Bingó er á dagskrá á sex vikna fresti.

Góugleði verður í Sóltúni

fimmtudagskvöldið 25. mars 2004. Takið kvöldið frá, nánar auglýst þegar nær dregur.



LJÓÐAVIKA VERÐUR 8.-14. MARS 2004

Ljóðavika var haldin í fyrsta sinn árið 2003 og tókst hún mjög vel. Hún fer þannig fram að íbúar lesa daglega saman ljóð í hverju sambýli fyrir sig t.d. kl. 11 eða kl. 14. Rætt er um ljóðin og höfunda þeirra. Í vikulokin þann 14.mars er síðan ljóðaveisla í samkomusalnum þar sem lesin eru úrval ljóða frá vikunni. Ennfremur eru ljóðskáld fengin í heimsókn til að flytja ljóð.

PULAN UM GÖMLU MÁNUÐINA

Gömlu mánuðirnir

Mörsugur á miðjum vetri
 markar spor í gljúfrasetri.
 Þorri breiðir fannfeldinn,
 fnæsir í bæ og drepur eldinn.
 Góa á til grimmd og blíðu,
 gengur í éljapilsí síðu.
 Einmánuður andar nepju
 öslar snjó og hendir krepju.
 Harpa vekur von og kæti
 vingjarnleg og kvik á fæti.
 Skerpla lífsins vöggvaggar,
 vitjar hreldra, sorgir þaggar.
 Sólmánuður ljóssins ljóma
 leggur til og fuglahljóma.
 Heyannir og hundadagar
 hlynna gæðum fróns og lagar.
 Tvímánuður allan arðinn
 ítum færir heim í garðinn.
 Haustmánuður hreggi grætur,
 hljóðir dagar, langar nætur.
 Gormánuður, grettið tetur,
 gengur í hlað og leiðir vetur.
 Ýlir ber er byrgist sólin,
 brosa stjörnur, koma jólin.

Sultugerð á 1. hæð



Talið er að vikudagarnir hafi borið
 eftirfarandi nöfn á Íslandi fram á
 12.öld:

sunnudagur
 mánadagur
 týsdagur
 óðinsdagur
 þórsdagur
 Fjárdagur
 Þvottadagur/
 laugardagur

Eftir kristnitöku reyndi kirkjan að koma á eftirfarandi
 heita í stað gömlu daganafnanna:

Drottinsdagur
 Annar dagur
 Þriðji dagur
 Miðvikudagur
 Fimmti dagur
 Föstudagur
 Laugardagur

Heimild: Árni Björnsson (1993) Saga daganna,
 Reykjavík: Mál og menning.

ÖLDUNGUR HF.

Sóltún 2
105 Reykjavík
Ísland
Sími: 590 6000
Bréfsími: 590 6001
Tölvupóstfangl: soltun@soltun.is



BANKAÞJÓNUSTAN DREGIN SAMAN Í SÓLTÚNI

Frá áramótum hefur Kaupþing-Búnaðarbanki boðið upp á víðtækari bankaþjónustu í Sóltúni á skrifstofunni á 2. hæð þann fyrsta og þriðja mánudag í mánuði kl. 11-12. Engin notkun hefur verið á bankaþjónustunni um miðjan mánuðinn og verður hann því opinn þann fyrsta mánudag í mánuði kl. 11-12 framvegis.



Móttakan í Sóltúni getur haft milligöngu um að fá felld niður afnotagjald RÚV af sjónvarpi í eigu íbúa sem hann hefur í íbúð sinni. Hafið samband við móttökuna vegna þessa.

Öldungur hf. opnaði hjúkrunarheimilið Sóltún 7. janúar 2002. Heimilið hefur þjónustusamning við ríkið um rekstur til næstu 25 ára. Íbúar heimilisins eru 92. markmið Sóltúns er að veita íbúum sínum bestu hjúkrun og aðra þjónustu sem völ er á, á hverjum tíma og vera aðlaðandi starfsvettvangur. Allir þættir varðandi hönnun húsnæðis og val á hús- og tækjabúnaði hefur miðast við það. Sóltún tekur þátt í að mennta fagfólk innan heilbrigðisþjónustu í samvinnu við menntastofnanir.

VIÐURKENNINGAR VEITTAR FYRIR SJÁLFBODIN STÖRF

Á þorrablóti íbúa í Sóltúni 5. febrúar síðastliðinn veitti Öldrunarráð Íslands og hjúkrunarheimilið Sóltún vinum Sóltúns í Gerðubergi viðurkenningu fyrir sjálfbodin störf. Hálfri ári fyrir opnun Sóltúns hófu eldri borgarar í Gerðubergi undirbúning að því hvernig þeir gætu stutt við starfið í Sóltúni. Hugmyndin var m.a. sótt til ráðstefnu sem haldin hafði verið af vinnuhópi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um ímynd þess að starfa með öldruðum.

Frá opnun heimilisins hafa vinirnir veitt íbúum félagskap og stuðning þegar hátíðir eru, s.s. guðþjónustur, þorrablót, vogleði, tónlistarviðburðir o.s.frv.

Liðsauki þeirra er ómetanlegur fyrir þá sem ekki hafa aðstandendur til að gleðjast með, og þurfa styrka hönd til að halda í og njóta með það sem í boði er hverju sinni.



Anna Birna Jensdóttir hjúkrunarforstjóri, sjálfbodaliðarnir Steinunn Auðunsdóttir, Jóhanna Jónsdóttir, og Guðrún Karlsdóttir ásamt Guðrúnu Jónsdóttur forstöðumanni Félagsstarfs eldri borgara í Gerðubergi.



Þorrablót ið var haldið þann 5.febrúar síðastliðinn.

180 manns (íbúar, gestir og starfsfólk) gæddu sér á góðum þorramat og skemmtu sér í salnum á eftir. Þorvaldur Jónsson harmonikkleikari spilaði undir fjöldasöng. KK-þjóðlagaband skemmti með rýmum og söng. Inga Eydal hjúkrunarfræðingur á 2.hæð söng við undirleik Gunnars Gunnarssonar. Þorrabarinn var opinn þar sem hákarl og brennivín var á borðstólum. Kvöldið varð hin besta skemmtun.